

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni
um tilvik sem tengjast starfsemi kampavínsklúbba.

Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir umsögn embættis ríkislögreglustjóra. Í umsögninni sem dagsett er 18. desember 2015 kemur fram að öll tilvik af þessu tagi eru bundin umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Til að svara fyrirspurninni vísast því að öðru leyti til umsagnar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sbr. fylgiskjal. Í umsögn embættisins segir að ekki komi fram í fyrirspurninni skilgreining á kampavínsklúbbum en miðað sé við þá staði sem bjóða upp á súludans og/eða félagsskap fáklæddra starfsmanna gegn kaupum á kampavíni.

1. *Hversu mörg tilvik, sem tengjast starfsemi svokallaðra kampavínsklúbba, hafa verið skráð í dagbók lögreglu árin 2011–2015?*

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hafa 197 atvik verið skráð í dagbók lögreglu frá 1. janúar 2011 til 8. desember 2015, sbr. töflu 1 í fylgiskjali.

2. *Hversu mörg tilvik, sem tengjast starfsemi svokallaðra kampavínsklúbba, hafa verið skráð í málaskrá lögreglu árin 2011–2015?*

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur 61 brot verið skráð í málaskrá lögreglu frá 1. janúar 2011 til 8. desember 2015, sbr. töflu 1 í fylgiskjali.

3. *Hafa einhver þessara tilvika leitt til rannsóknar lögreglu? Efsvo er, hverjar hafa lyktir rannsókna orðið?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er að finna í töflu 2 í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sjá fylgiskjal.

4. *Hvers eðlis eru umrædd tilvik?*

Um þessi atriði vísast til töflu 3 í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sjá fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu,
Upplýsinga- og áætlanaeild:

Tilvik sem tengjast starfsemi kampavínskúbba

Fyrirspurn: Frá Þorsteini Sæmundssyni

Spurningar:

1. Hversu mörg tilvik, sem tengjast starfsemi svokallaðra kampavínskúbba, hafa verið skráð í dagbók lögreglu árin 2011–2015?
2. Hversu mörg tilvik, sem tengjast starfsemi svokallaðra kampavínskúbba, hafa verið skráð í málaskrá lögreglu árin 2011–2015?
3. Hafa einhver þessara tilvika leitt til rannsóknar lögreglu? Ef svo er, hverjar hafa lyktil rannsókna orðið?
4. Hvers eðlis eru umrædd tilvik?

Aðferð:

Ekki kemur fram í fyrirspurn skilgreining á kampavínskúbbum en hér er miðað við þá staði sem bjóða upp á súludans og / eða félagsskap

fáklæddra starfsmanna gegn kaupum á kampa-víni. Miðað við þessa skilgreiningu þá voru tekin út gögn úr LÖKE þar sem bæði er haldið utan um Verkefni (dagbókarmál) og brot (málaskrármál) er snúa að þessum stöðum. Byggt er á upplýsingum fyrir árin 2011 til 2014 og fram til 8.12.2015 þar sem vettvangur brots eða verkefnis var inni á þessum stöðum.

Fyrirvarar: Kerfi lögreglu halda aðeins utan um upplýsingar um þau tilvik sem berast inn á hennar borð. Önnur afbrot sem tengjast þessum stöðum og ekki eru tilkynnt til lögreglu eru því ekki tiltekin hér.

Niðurstöður:

1. Eins og fram kemur á töflu 1 hafa 197 verkefni verið skráð á kampavínskúbba á tímabilinu. Þá er helst um að ræða eftirlit með veitingahúsum eða skemmtistöðum.
2. Eins og fram kemur á töflu 1 hafa 61 brot verið skráð á kampavínskúbba á tímabilinu, 33 hegningarlagabrot og 28 sérrefsilagabrot.
3. Tafla 2 sýnir stöðu þeirra brota sem tengdust kampavínskúbbum á tímabilinu. Fram kemur að 15 þessara mála fóru í ákærumeðferð en öll nema eitt voru felld niður hjá ríkissaksóknara.

Tafla 1. Fjöldi verkefna og brota sem tengdust kampavínskúbbum á höfuðborgarsvæðinu 2011 til 2014 og fram til 8.12. 2015.

	Hegningarlagabrot	Sérrefsilagabrot	Verkefni
2011	4	2	17
2012	8	6	35
2013	10	14	82
2014	3	2	39
2015	8	4	24
Samtals	33	28	197

Tafla 2. Staða þeirra mála er tengjast kampavínskúbbum á höfuðborgarsvæðinu frá 2011 til 8.12.2015

	2011	2012	2013	2014	2015	Samtals
Ákærumeðferð	2	7	5	1		15
Í bið			2			2
Í rannsókn					5	5
Rannsókn hætt	4	6	15	4	2	30
Sekt greidd		1	2			3
Til afgreiðslu					5	3
Samtals	6	14	24	5	12	61

4. Á töflu 3 má sjá tegundir þeirra brota sem tengdust kampavínskúbbum á tímabilinu. Töflunni er skipt í yfir og undirflokk brotanna.

Tafla 3. Tegund þeirra brota er tengjast kampavínskúbbum á höfuðborgarsvæðinu frá 2011 til 8.12.2015

Tegund brots	Fjöldi brota
Atvinnuvegir - veitingar - samkomuhús	15
Brot á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtana-	15
Auðgunarbrot	12
Fjárdráttur	1
Þjófnaður	3
Fjársvik	8
Áfengislög	2
Áfengislög, ölvun á almannafæri	1
Brot á reglugerð um smásölu og veitingar áfengis	1
Brot gegn valdstjórninni	2
Opinber starfsmaður, ofbeldi gagnvart opinberum starf-	2
Fíkniefni	3
Varsla og meðferð ávana og fíkniefna	3
Kynferðisbrot	12
Kynferðisbrot, stuðlað að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða tekjur hafðar af vændi annarra, svo	1
Kynferðisbrot, kaup á vændi	11
Lögreglusamþykktir	2
Brot á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg	2
Manndráp og líkamsmeiðingar	7
Líkamsárás, meiriháttar (218.1)	1
Líkamsárás, stórfelld (218.2)	1
Líkamsárás (217)	5
Sérrefsilög	5
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. l.nr. 90/1996)	1
Veitingar, lög um veitinga- og gististaði	1
Brot á lögum um tóbaksvarnir	1
Vopnalög (nr. 16/1998)	2
Stjórnarfar - félagsmálefni	1
Atvinnurekandi ræður útlending vil starfa án atvinnuleyfis	1
Samtals	61